

Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands

Mál nr. 5/2022-2023

Kærandi: Arna McClure

Kærðu: Brynjólfur Þór Guðmundsson og Fréttastofa RÚV.

Kæruefni: Frétt ruv.is 09.05.2022 „Lögreglan ekki vanhæf til að rannsaka fréttamenn“ Kæran snýr að þessari málsgrein fréttarinnar: „Þrír fréttamannanna höfðu fjallað um samskipti svokallaðrar skæruliðadeildar Samherja, sem hafði samræmt atlögu að fréttamönnum sem fjölluðu um framgöngu Samherja í Namibíu og ásakanir um lögbrot fyrirtækisins og stjórnenda þess.“

Málsmeðferð:

Kæran barst skrifstofu BÍ með tölvupósti 06.07.2022. Siðanefnd BÍ tók málið fyrir og niðurstaðan varð sú að óska eftir andsvörum hins kærða. Frestur til andsvara var veittur til 24.07.2022 en vegna sérstakra ástæðna og sumarfría var orðið við formlegu erindi hins kærða og frestur veittur til 25.08.2022. Svar frá Margræti Magnúsdóttur skrifstofustjóra Ríkisútvarpsins barst 31.08.2022. Málið var tekið aftur fyrir á fundi Siðanefndar 06.09.2022 og úrskurðað í málinu á fundi 27.09.2022.

Málavextir: Kærandi taldi að hin tilgreinda málsgrein fæli í sér að kærandinn hafi viðhaft samræmda atlögu að fréttamönnum. Sú fyrirætlan ætti sér hvorki stað í gögnum málsins né raunveruleikanum. Sjónarmiða kæranda hafi ekki verið leitað við vinnslu fréttarinnar og fréttamaður hafi ekki haft undir höndum öll gögn málsins. Kærði taldi þetta brot á þriðju grein siðareglna Blaðamannafélags Íslands. Kröfu kæranda um leiðréttingu var hafnað. Í svari RÚV er bent á að mál Samherja hafi verið til umfjöllunar í fjölmiðlum innan lands og utan og vitnað í dómaframkvæmd hér á landi og fyrir Mannréttindadómstóls Evrópu um tjáningarfrelsi fjölmiðla. Ummæli um „svonefnda skæruliðadeild“ hafi ítrekað verið notað í fjölmiðlaumfjöllun áður og eigi sér stoð í gögnum. Ekki hafi verið ástæða til viðbragða kæranda í umræddri frétt.

Umfjöllun: Kærandi telur tilgreinda málsgrein í fréttinni stangast á við þriðju grein siðareglna Bláamannafélags Íslands. Umrædd frétt fjallar um niðurstöðu Landsréttar og er forsaga málsins rakin stuttlega með vísan í orðalag sem margoft hefur verið notað í opinberri umræðu. Framkomin gögn styðja þann gildisdóm sem fram kemur í þeirri setningu sem nefnd er í kærinni. Ekkert kallar á að leitað sé til kæranda vegna þessarar fréttar eða að hana megi ekki segja nema öll gögn málsins séu fyrirbyggjandi. Siðanefnd fellst ekki á að kærð ummæli brjóti gegn þriðju grein siðareglna Bláamannafélags Íslands.


Úrskurður:

Kærðu, Brynjólfur Þór Guðmundsson og Fréttastofa RÚV, brutu ekki siðareglur í máli þessu.

Reykjavík 27.09.2022



Friðrik Þór Guðmundsson




Fanney Birna Jónsdóttir



Emma Björg Eyjólfsdóttir



Pálmi Jónasson



Valgerður Jóhannsdóttir